

Vesturbyggð  
Ármann Halldórsson,  
forstöðumaður tæknideildar  
Aðalstræti 63  
450 Patreksfjörður



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 28. október 2013  
Tilvísun: UST20131000091/bs


### Aðalskipulag - Breyting - iðnaðarsvæði á Bíldudal og athafnasvæði á Patreksfirði

Vísað er til bréfs Sveitarfélagsins Vesturbyggðar dags. 10. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar.

Viðfangsefni breytingarinnar á Bíldudal er breytt afmörkun þéttbýlis, nýtt iðnaðarsvæði (I3) fyrir fiskeldi nyrst á Bíldudal og verslunar- og þjónustusvæði (V3) sem verður athafnasvæði. Á Patreksfirði er leiðrétt afmörkun íbúðasvæðis þar sem hluti þess verður athafnasvæði. Fyrirhugað er að nýtt iðnaðarsvæði á Bíldudal verði á landfyllingu. Áætluð stærð þess svæðis er um 4 ha. Umhverfisstofnun vill benda á að ef nýmyndun lands er á svokallaðri opinni landfyllingu, þ.e. varin að hluta með varnargörðum telst slík landfylling vera varp í haf og þarf þá að leita leyfis fyrir framkvæmdinni til Umhverfisstofnunar í samræmi við lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda breytingu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar.

Virðingarfyllt  
  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur